



SOROPTIMISTAKLÚBBUR SUÐURLANDS

Sveitarfélagið Árborg
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir bæjarstjóri
Austurvegi 2
800 Selfoss

EFNI: 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Selfossi, 9. nóvember 2022

Kæri samstarfsaðili í SIGURHÆÐUM

Sveitarfélög á Suðurlandi hafa áður brugðist myndarlega við kalli Soroptimistaklúbbs Suðurlands um þátttöku í árlegu alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem gengur undir heitinu 16 daga átakið. Það hefst á alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember og lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember.

Landssamband Soroptimista á Íslandi er einn þeirra fjöldamörgu aðila sem taka þátt í átakanu og í ár taka Soroptimistar þátt undir kjörorðinu *Þekktu rauðu ljósin*. Litur átaksins, nú sem áður, er appelsínugulur.

Í fyrra sendi Soroptimistaklúbbur Suðurlands appelsínugula fána til sveitarfélaganna með ósk um að þeim yrði flaggað fyrir framan eða við skrifstofubyggingu þess og gerum það nú á ný. Einnig hvetjum við til að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að helstu byggingar í sveitarfélaginu verði lýstar upp í appelsínugulum – roðagylltum – lit á meðan átakið varir, en dæmi um slíkar byggingar geta verið kirkjur, sundlaugar, skólabyggingar og jafnvel stórir vinnustaðir. <https://www.exton.is> selur appelsínugular glærur.

Hér fylgja tveir roðagylltir fánar sem við vonum að blakti við hún í sveitarfélaginu í 16 daga átakanu 2022 og sýni þannig samstöðu sveitarfélagsins við baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi.

Jóna Ingvarsdóttir
formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands

ÁRBORG	
Bnrnr: 02-00	Mótt: 24/11'22
Ábmr: F.K.	Mnr: 2211323

25. nóvember – 10. desember



RAUÐU

ÞEKKTU RAUÐU LJÓSIN

SOROPTIMISTAR HAFNA OFBELDI

Andlegt ofbeldi

Hótanir, niðurlæging og þér látið líða illa, bæði með orðum og hegðun. Stjórnun og einangrun frá vinum og fjölskyldu, afbrýðisemi. Svefn truflaður, þér bannað með að stunda vinnu eða skóla. Miklar skapsveiflur, reiði og öskur. Reynt að stjórna með sjálfsvígshótunum, fýlu eða þögn. Gaslýsing „siðlaus samskipti“ svo þú ferð að efast um eigið minni og upplifanir. „Þú ert geðveik“ er dæmi um ásakanir frá fólki sem beitir slíku ofbeldi. Áfallatengsl þar sem fólk upplifir sig fast í ofbeldissambandi og er talin trú um að það sé einskis virði.

Líkamlegt ofbeldi

Þegar einhver meiðir þig með því að hrinda, klípa, ýta, sparka í, lemja, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja eða tekur þig hálstaki. Frelsissvipting eða hótanir með svipbrigðum eða með því að sýna hnefann.

Kynferðislegt ofbeldi

Þegar kynfrelsi þitt er ekki virt, þvingun til kynferðislegra athæfa, pressað á/suðað/hótað, vaknað við nauðgun eða annað kynferðislegt athæfi, byrlun. Kynferðislegt tal eða orð gegn þínum vilja.

Fjárhagslegt ofbeldi

Persónulegir munir eru skemmdir eða eyðilagðir. Sameiginlegir fjármunir skertir eða skammtaðir. Upplýsingar um fjárhagslega stöðu ekki veittar.

Stafrænt ofbeldi

Netofbeldi, þegar einhver notar tækni eða tæki til að fylgjast með þér, hóta, ógna, áreita eða niðurlægja. Kynferðislegt stafrænt ofbeldi er myndbirting eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.

Eltihrellir

Viðhefur stöðugt áreiti með skilaboðum, símtölum og heimsóknum. Eltir eða situr fyrir manneskju gegn vilja hennar, njósna og ofsækir. Staðsetningarbúnaði komið fyrir í síma eða ökutæki.

